

Dæmi um útreikning tryggingafjárhæðar og iðgjalds

Tryggingafjárhæð byggist á tryggingaskyldri veltu.

Við mat á fjárhæð tryggingar skulu fundin eftirfarandi gildi:

- G: Grunntala sem er meðaltal heildar tryggingaskyldrar veltu tveggja tekjuhæstu mánaða rekstrarárs.
- N: Meðalfjöldi daga frá fullnaðargreiðslu þar til ferð hefst,
- h: Meðalhutfall staðfestingargreiðslna af heildargreiðslum
- d: Meðallengd ferða í dögum.

Gildin eru fundin fyrir síðasta og yfirstandandi rekstrarár.

Reikna skal grunntryggingafjárhæð GT með eftirfarandi reiknireglu: $GT = G \cdot (N/30) + G \cdot h + G \cdot d/30$.

Dæmi um útreikning grunntryggingafjárhæð GT:

Ár 1 (síðasta ár)

Tryggingaskyld velta ferðaskrifstofu dreifist með eftirfarandi hætti á mánuði ársins:

Janúar	15.345.000
Febrúar	17.800.000
Mars	22.497.000
Apríl	21.800.000
Mái	19.379.000
Júní	36.800.000
Júlí	33.200.000
Ágúst	29.050.000
September	27.595.000
Október	15.900.000
Nóvember	26.800.000
Desember	11.900.000
	278.066.000

Tveir söluhæstu mánuðir eru júní og júlí, reiknuð er meðaltals velta þeirra => $G = 35.000.000$.-

Skv. framlögðum gögnum eru önnur gildi eftirfarandi:

$N = 42$ (meðalfjöldi daga frá því ferð er greidd að fullu þar til hún hefst)

$h = 10\%$ (meðalhutfall staðfestingargreiðslna af heildargreiðslum)

$d = 8$ (meðallengd ferða í dögum)

Grunntryggingafjárhæð GT er reiknuð með eftirfarandi reiknireglu: $GT = G \cdot (N/30) + G \cdot h + G \cdot d/30$.

$$GT = 35.000.000 \cdot 42/30 + 35.000.000 \cdot 0,10 + 35.000.000 \cdot 8/30$$

$$GT = 49.000.000 + 3.500.000 + 9.333.333$$

$$GT = 61.833.333$$

Ár 2 (yfirstandandi ár)

Tryggingaskyld velta ferðaskrifstofu dreifist með eftirfarandi hætti á mánuði ársins:

Janúar	17.000.000
Febrúar	16.972.000
Mars	25.897.000
Apríl	43.500.000
Maí	20.786.000
Júní	36.500.000
Júlí	33.890.000
Ágúst	28.700.000
September	30.896.000
Október	20.578.000
Nóvember	20.900.000
Desember	11.900.000
	307.519.000

Tveir söluhæstu mánuðirnir eru apríl og júní, reiknuð er meðaltals velta þeirra => $G = 40.000.000$

Skv. framlögðum gögnum eru önnur gildi eftirfarandi:

$N = 40$ (meðalfjöldi daga frá því ferð er greidd að fullu þar til hún hefst)

$h = 10\%$ (meðalhlotfall staðfestingargreiðslna af heildargreiðslum)

$d = 7$ (meðallengd ferða í dögum)

Grunntryggingafjárhæð GT er reiknuð með eftirfarandi reiknireglu: $GT = G \cdot (N/30) + G \cdot h + G \cdot d/30$

$GT = 40.000.000 \cdot 40/30 + 40.000.000 \cdot 0,10 + 40.000.000 \cdot 7/30$

$GT = 53.333.333 + 4.000.000 + 9.333.333$

$GT = 66.666.666$

Tryggingafjárhæð:

Þegar grunntryggingafjárhæð hefur verið fundin er tryggingafjárhæð ákvörðuð skv. eftirfarandi:

Fundin er tryggingaskyld velta (V) síðasta rekstrarár og hlutfallið a(V).

Hlutfallið a(V) skal vera:

12% ef ársvelta er minni en 300 mkr.,

12% - $6\% \cdot (V - 300 \text{ mkr.}) / 700 \text{ mkr.}$ ef V er milli 300 mkr. og 1 ma.kr.,

6% - $2\% \cdot (V - 1 \text{ ma.kr.}) / 1 \text{ ma.kr.}$ ef V er milli 1 og 2 ma.kr.

4% - $2\% \cdot (V - 2 \text{ ma.kr.}) / 3 \text{ ma.kr.}$ ef V er stærra en 2 ma.kr.

Tryggingafjárhæð verður $T = a(V) \cdot GT$.

Niðurstaða síðasta og yfirstandandi rekstrarárs skulu bornar saman og sú niðurstaða gilda sem tryggingafjárhæð sem hærra er.

Tryggingarskyld velta á ári 1 (síðasta rekstrarári) var kr. 278.066.000.-, hlutfallið a(V) er því 12%

Tryggingafjárhæð T miðað við ár 1 = 7.420.000.- (12% af 61.833.333)

Tryggingafjárhæð T miðað við ár 2 = **8.000.000.-** (12% af 66.666.666)

Ákvörðuð tryggingafjárhæð ferðaskrifstofunnar verður kr. 8.000.000.-, sú niðurstaða ræður sem hærra er.

Iðgjald miðað við 2,5% af tryggingafjárhæð (þetta hlutfall getur verið á bilinu 2,5% til 10%) kr. 200.000.-